

Borgarbyggð
b/t Sigurður Friðgeir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 10. maí 2019
UST201904-238/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting – Deiliskipulagsbreyting fyrir Urðarfellsvirkjun – Baðsvæði - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna nýs baðsvæðis við Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells III í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að útbúa á lóðinni Sjónarhóll náttúruböð með tilheyrandi göngustígum, bílastæðum og þjónustubyggingum ásamt vegspotta fyrir aðföng. Auk þess kemur fram að vatn í heita potta kemur úr borholu sem er austan við Hringgil.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjasrá og nefnist Húsafell og er númer 206 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem tilkomumiklu og fjölbreyttu landslagi þar sem er víðlendur skógur, laugar, lindir og vinsælt útivistarsvæði. Þar af leiðandi er mikilvægt að við framkvæmdir verða þess gætt að forðast allt óþarfa rask og vandað verði til verka.

Baðstaðir í náttúruinni

Umhverfisstofnun telur að náttúruböðin sem eru hér til umfjöllunar falli undir reglugerð 460/2015 um baðstaði í náttúruinni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúruinni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta komi fram í tillögunni.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess bakkagróðri sýnt verði fram á hvernig leitast verði við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga

mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins sbr. 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Þjónustubygging og girðingar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þjónustubygging og girðingar séu staðsett á þann hátt að það sé nægt rými fyrir meðfram ánni, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Efmannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirknið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustíga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Byggingar falla vel að umhverfi

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu, þar sem notaðir verða náttúrulegir litir sem falla að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.“

Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Birkikjarr

Umhverfisstofnun telur að birkikjarr á skipulagssvæðinu falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð kemur fram að engin gróðurfelling verður vegna bílastæða og lega göngustíga getur breyst lítillaga þegar endanleg leið verður valin m.t.t. sem minnsts raski á gróðri.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til vandlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkni sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur